



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu sýningarinnar
Akranes Expó 2003 – Þeir fiska sem róa
26. september 2003

Ágætu Akurnesingar
Góðir sýningargestir

Það er vel til fundið að efna til fjölþættrar atvinnuvegasýningar hér á Akranesi og varpa ljósi á margvíslega starfsemi sem fram fer í bæjarfélaginu.

Sú skoðun hefur löngum verið landlæg að einhæfni væri ríkjandi svipmót á flóru fyrirtækja utan höfuðborgar og umræðan um byggðavanda hefur oft og tíðum tekið mið af þessari sýn; tillögur og ábendingar um úrbætur gefið sér þá forsendu að flest sé þar steyppt í sama mót.

Vissulega var fyrrum hægt að segja með réttu að sjávarútvegur, fiskvinnsla og verslun væru kjarninn í umsvifum Akraness og annarra byggðarlaga við sjávarsíðu, einstaka vélsmiðja var til að þjónusta flotann en annars var lítið um að iðnaður eða tækni hefðu skotið rótum.

Akranes á sér sannarlega sína fornu frægð frá þessum tímum, frægð sem er þjóðinni kær í þekktum brag. Einkunnarorðin sem sett eru á oddinn hér í dag eru í senn áminning um þessa sögu og hvatning til að sækja fram.

„Þeir fiska sem róa“ er kjörin yfirskrift sem sameinar grónar hefðir á Akranesi en er jafnframt herhvöt á nýjum tímum, samheiti um árangurinn sem hér blasir við.

Það er undravert hve atvinnulífið á Akranesi sem einnig teygir sig til Grundartanga hefur skotið mörgum rótum og hve fjölþætta kosti er hér að finna; í hnotskurn háþróað samfélag sem sækir sér lífsbjörg í tækni og iðnað, sérhæfða þjónustu og menntabrautir, sjúkrahús og framhaldsskóla, verksmiðjur með alþjóðlegu eignarhaldi, smíði á vélum og tækjum sem eiga markað víða og einnig rótgróin stóriðja byggð á auðæfum hafsins, fyrirtæki með mikla sögu, burðarás í fiskvinnslu Íslendinga á nýrri öld, brautryðjandi í útrás til annarra landa og þróun nýrrar vöru úr sjávarfangi.

Í rauninni er Akranes orðið hreyfiafl á heimsmarkaði. Starfsemin sem hér fer fram sækir afl í margar álfur og krafturinn til nýrra verka stefnir hingað úr mörgum áttum.

Það er merkilegt hve vel hefur tekist að byggja upp erlendu stóriðjuna sem hér er í nágrenninu og hve árekstralítið hún hefur fengið að festa rætur. Slíkt var á engan hátt sjálfgefið eins og við sjáum á fréttum sem berast af framkvæmdum sem nú eru eystra.

Akranes er við upphaf nýrrar aldar öflugur iðnaðarbær þar sem ólík iðjuver eiga farsæla sambúð: Sementsverksmiðjan með merka sögu og verður vonandi áfram öflug í höndum nýju eigendanna; Járnblendiverksmiðjan sem átt hefur á stundum erfiða tíma þegar verð hefur sveiflast á heimsmarkaði; álver sem sýnir hvernig atorka eins manns getur skipt sköpum; þegar helstu álrisar heims höfðu í áratugi gengið frá samningaborði við Íslendinga kom þessi stórhuga maður og sýndi hvað hægt er að gera. Sjávarútvegur; þjóðin öll sér að Haraldur Böðvarsson er áfram í fremstu röð, glæsilegur fulltrúi kraftsins sem býr í íslenskum fiskiðnaði; og þá ber að nefna Þorgeir og Ellert, sönnun þess að hugvit og tækni geta orðið grundvöllur að öflugum rekstri.

Allt eru þetta fyrirtæki sem munar um, ekki aðeins á Akranesi heldur einnig í þjóðarbúi okkar Íslendinga. Samt eru þau lítið brot í tölum talið þegar skráð eru öll fyrirtækin sem hér eru í rekstri; um hundrað talsins segja kunnugir menn og má þá ekki gleyma skólum, sjúkrahúsi og heilsugæslu, vinnustöðum þar sem menntun og fræðsla, umönnun og heilsuefning eru arðurinn sem í rekstrinum felst.

Það er merkilegt hvernig skólar og stofnanir með hámenntað fólk hafa orðið drifkraftur í eflingu byggðar. Við sjáum það hér á Akranesi en einnig á Akureyri þar sem Háskólinn, Verkmenntaskólinn og Sjúkrahúsið sneru vörn í sókn þegar iðnaðarfyrirtækin hættu rekstri. Við sjáum það einnig í Borgarfirði, á Egilsstöðum, Sauðárkróki og Ísafirði, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Ásamt Akranesi eru þessir staðir áminning um að þess sé gætt rækilega við mótun byggðastefnu á komandi árum að veita vinnustöðum sem skapa og nýta æðri menntun verðugan sess. Byggðaðróun nýrrar aldar verður í vaxandi mæli tengd alhliða menntasetrum og því er ánægjuefni hvernig Akranes Expó vísar veginn; skólar, sjúkrahús og heilsugæsla deila hér básum með fyrirtækjum í hefðbundnum rekstri.

Markaðsráð Akraness hefur sýnt frumkvæði og skarpan skilning á samhenginu sem felst í fjölpættu atvinnulífi með því að efna til þeirrar víðfeðmu sýningar sem við opnum nú. Um leið og ég færi Markaðsráðinu alúðarpakkir og hamingjuóskir vona ég að Akranes Expó 2003 verði sem flestum leiðarljós, vegvísir í umræðum um vanda og framtíð byggða, prófsteinn þegar rætt er um stefnumótun, umhugsunarefni öllum þeim sem efla vilja hag fólksins sem býr fyrir norðan og austan, vestan og sunnan.

Akranes hefur verið vettvangur verulegs árangurs á umliðnum árum, þótt bæjarbúar hafi af hógværd látið lítið á því bera, ekki blásið í lúðra eða hrópað hátt, heldur kosið að láta verkin tala – hvatningarköllin verið einskorðuð við fótboltavöllinn.

Akranes Expó 2003 er því tímabær sigurhátíð, staðfesting á því sem gert hefur verið þótt enn bíði mörg vandamál og verkefni handan við hornið.

Ég óska Akurnesingum, fyrirtækjunum og öllum sem hér hafa tekið höndum saman til hamingju og vona að sýningin verði öðrum byggðarlögum hvatning til að láta að sér kveða.

Með þá ósk í huga lýsi ég yfir því að „Akranes Expó 2003 – Þeir fiska sem róa“ er hér með opnuð.